

Austurland, 17. október 2023

Mál nr. 187/2023

**Efni: Umsögn um drög að frumvarpi um breytingu á búvörulögum nr. 99/1993 (framleiðendafélög)**

Samtök smáframleiðenda matvæla og Beint frá býli - félag heimavinnsluaðila (SSFM/BFB) leggja áherslu á að verði frumvarpið að lögum setji ráðherra skilyrði í reglugerð sem tryggji að samvinnan og hagræðingin komi ekki niður á smáframleiðendum / heimavinnsluaðilum á lögbýlum.

Í 2. gr. frumvarpsdraganna stendur:

„Við 81. gr. laganna bætist ný 3. mgr. svohljóðandi: **Ráðherra er heimilt að setja frekari skilyrði um framleiðendafélög**, sbr. III. kafli laganna, þar á meðal um sérreglur, starfshætti, lágmarksfjölda félaga, félagsaðild, skyldur framleiðenda gagnvart félagi og upplýsingagjöf í reglugerð.“

**Verði frumvarpið að lögum er afar mikilvægt að ráðherra nýti heimildina til að setja skilyrði um að:**

*1) Smáframleiðendur hafi tryggan aðgang að þjónustu afurðastöðva á sanngjörnu verði*

Sérstaklega ber að nefna að ef lögin verða til þess að sláturhúsum fækki - sem lengir vegalengd frá afurðastöð til heimavinnsluaðila - þá setji ráðherra þau skilyrði að skila beri skrokkunum til vinnsluaðila á kostnað afurðarstöðvar (sem er sambærilegt við skilyrði í mjólkuriðnaðinum).

*2) Hindranir aukist ekki*

Skilyrðin verða að tryggja að afurðarstöðvar geti ekki lokað á heimavinnsluaðila eða sett upp hindranir sem geri þeim erfitt fyrir eða jafnvel ókleift að nýta sér þjónustu afurðastöðvanna.

Bændur þurfa að hafa val um að leggja sín dýr inn og láta afurðastöðina sjá um rest, eða fá afurðirnar meðhöndlaðar og afhentar í samræmi við eðlilegar óskir á sanngjörnu verði og selja þær sjálfir. Hingað til hefur verðmyndun á heimtökugjaldi ekki verið gerð opinber og rétt er að minna á að gjaldið tvöfaldaðist fyrstu árin eftir að félagið *Beint frá býli* var stofnað árið 2008.

Skoða þarf að setja sambærileg skilyrði og voru sett nýlega um að nýsameinuðum afurðastöðvum væri skylt að kaupa ákveðið magn á mánuði af aðila sem var fyrir á markaði, en í þessu tilfelli gagnvart bændum sem taka skrokkana heim til vinnslu og/eða sölu beint frá býli.

### Samhliða því þarf að bæta rekstrargrundvöll handverkssláturhúsa og sláturhúsa heima á bæ

Samhliða lagabreytingunni þarf að tryggja að ekki séu lagðar óþarfa kvaðir og hindranir á svokölluð *handverkssláturhús*<sup>1</sup> og *sláturhús heima á bæ*<sup>2</sup> sem geri reksturinn óhagkvæman og draga úr áhuga á að koma upp og reka slík hús. Regluverk ESB kemur ekki í veg fyrir það - heldur hin svokallaða gullhúðun reglugerða hér á landi og skorturinn á að nýta undanþágur.

Dæmi: Miðað sé við stærð og getu hússins en ekki fastan fjölda fjár sem má slátra á dag að hámarki - sem í reglugerð nr. 846/2023 eru 30 gripir. Það þýðir að bíða þarf fram til næsta dags ef slátra á sem dæmi 40 gripum; fá dýralækni aftur á svæðið o.s.frv. Þó einfalt hefði verið að slátra 10 gripum í viðbót ef húsið ræður við það.

Þessu tengt vilja SSFM/BFB ítreka að þau taka heilshugar undir lið 15 í umsögn Samkeppniseftirlitsins um mál 156/2023: „Þá er rétt að benda á mikilvægi þess að hugað sé að öðrum leiðum sem stutt geta við framþróun íslensks landbúnaðar. Þar á meðal þarf að gæta þess að lög, reglur, gjaldtaka og aðrar athafnir stjórnvalda styðji við nýsköpun og nýjungar og geti auðveldað bændum að stýra betur framleiðslu sinni, oft neytendum til hagsbóta, s.s. með sölu beint frá býli.“

F.h. Samtaka smáframleiðenda matvæla og Beint frá býli,

*Oddný Anna Björnsdóttir*

Framkvæmdastjóri

<sup>1</sup> sem starfa eftir reglugerð nr. 856/2016 um lítill matvælafyrirtæki og hefðbundin matvæli

<sup>2</sup> sem starfa eftir reglugerð nr. 846/2023 um slátrun í litlum sauðfjár- og geitasláturhúsum